

LAUFHEY

Kjólar með ljósmyndum
úr íslenskri náttúru



GILDIR TIL 31. JÚLÍ 2023

SJÁLFBÆRNI SKIPTIR MÁLI

Við búum til tímalausar kjóla sem passa við allar árstíðir - ár eftir ár. Kjólarnir eru saumaðir á Akranesi. Efnin eru búin til úr endurunnum plastflöskum og prentlitirnir eru vatnsuppleysanlegir og eiturefnalausir. Saga myndarinnar fylgir hverjum kjól.

Við saumum kjólinn þinn!

- Þú velur mynd á kjólinn
- Við bjóðum 15 mismunandi myndir
- Þú getur valið á milli fjögurra sniða
 - Satin efni - Light Satin (léttara) og Heavy Satin (þyngra)
- Þú tekur af þér mál og sendir til okkar

Sjá næstu síður

Efnisyfirlit

- **Bls. 3 - 4**
Fjögur snið
- **Bls. 5 - 9**
Fimmtán mismunandi myndir sem þú getur látið á hvaða snið sem er
- **Bls. 10 - 16**
Myndir af sýningar-kjólum og efnum
- **Bls. 17**
Hvernig er best að taka málin?
- **Bls. 18**
Hvernig á að panta?
Verð á kjólum
- **Bls. 19**
Þetta er fólkið á bak við LAUFEY



SNÍÐ 1

Kjóllinn er ökklasíður og með bogadregið hálsmál. Ermarnar eru síðar, aðeins víðar og með stífu stroffi fremst (sjá betur á bls. 15). Rennilás að aftan. Kjóllinn er tekinn saman með saumum á tveimur stöðum og koma fellingar niður út frá saumunum. Hann hentar fyrir hin ýmsu tilefni, svo sem árshátíðina, brúðkaup, jólin og svo mætti lengi telja.

FJÖGUR SNÍÐ - SNÍÐ 1 OG 2

SNÍÐ 2

Kjóllinn er hægt að taka bæði aðsníðinn (í þeirri stærð sem þú notar vanalega) og „loose“ (þá tekinn í stærðinni fyrir ofan). Kjóllinn er með klauf á vinstri hlið og V hálsmáli. Hann er tekinn saman milli brjósta og verða til við það fallegar fellingar. Rennilás á hægri hlið. Ermarnar ná rétt niður fyrir olnboga (hægt er að hafa þær aðeins styttri). Kjóllinn nær niður á miðja fótleggi.





SNÍÐ 3

Þetta er „wrap“ kjóllinn. Hann er bundinn með bandi um mittið. Ermarnar eru síðar og eru víðari fremst við úlnliðinn. V hálsmál. Kjóllinn nær rétt niður fyrir hné en auðvelt er að breyta síddinni ef óskað er. Fallegar fellingar koma niður frá herðum að framan. Auðvelt er að klæða kjólinn „upp og niður“ og því hentar hann bæði hversdags og fyrir fínna tilefni.


FJÖGUR SNÍÐ - SNÍÐ 3 OG 4

SNÍÐ 4

Þetta er aðsniðinn kjóll með fellingum á hliðum. Hálsmálið er bogadregið og með svartri líningu. Ermarnar eru síðar og með rykkingum fremst. Rennilás að aftan. Kjóllinn nær niður að hnjám en auðvelt er að breyta síddinni ef óskað er.



VELDU MYND Á KJÓLINN



BLIK

Líklega hafa flestir Íslendingar ekið yfir Blikdalsá á Kjalarnesi en þeir eru færri sem hafa séð ástæðu til að skoða hana nánar. Árbotninn er ekkert annað en listaverk.

Blikdalsáin er grunn og þegar sólin skín á Kjalarnesið á fögrum sumardeggi er eins og steinarnir hamist við að sýna sig og sjá aðra.



HEIÐA

Á stundum er klakinn svo tær að auðvelt er að sjá býsna langt niður í ísinn. Þannig var það eftir frostkafla á Vesturlandi.

Áskell fór að Skarðsheiði og sá fljótt hvernig tær klakinn hafði læst klónum í gróðurinn sem mátti sig hvergi hræra. Inn á milli voru svo loftbólur sem biðu þess í ofvæni að hærra hitastig leysti þær úr læðingi.




DÍS

Runnarnir og blómin í Grasagarðinum í Laugardal eru falleg og þess virði að þau séu skoðuð og mynduð í bak og fyrir. Á góðum degi er einkar notalegt að ganga um garðinn og fylla sálina af þeim krafti sem stafar frá jurtunum.


Það búa klárlega blómálfar í Grasagarðinum í Laugardal.

VELDU MYND Á KJÓLINN



Náma

Á liðinni öld notaði sementsverksmiðja á Akranesi kísilríkt berg úr námum í Hvalfirði. Bergið kölluðu menn líparít sem er ekki alveg rétt því það heitir dasít. En hvað sem því líður þá er myndin á kjólnum tekin í námu í Þyrilslandi. Bergið myndaðist við gos í jökli fyrir rúmlega tveimur milljónum ára. Það er hreint ekki slæmt að ganga í kjól sem á ættir að rekja til námu í Hvalfirði!



Alda

Hér mætir alda lækjar öldu úthafs. Smálækur í hvalfirskri fjöru hverfur í Faxaflóann sem tekur við honum rétt eins og þúsundum félaga hans. Það er róandi að sitja á strönd í góðu veðri og horfa á öldurnar koma af hafi og kyssa frænkur sínar sem höfðu rétt áður skoppað niður lækjarfarveg sem fósraði þær skamma hríð.




Saga

Miðdalur í Kjós er varðaður annars vegar með Eyrarfjalli og hins vegar Esju. Vissulega er dalurinn lítill en ekki verður frá honum tekið að hann er fallegur enda í uppháaldi hjá ljósmyndaranum og þar var myndin tekin.

Á þessum slóðum var að sjálfsögðu barist á öldum áður. Við Eyrarfjall er að finna hól sem heitir Orrustuhóll þar sem hetjur úr Kjalnesingasögu börðust eins og þær mest máttu.

VELDU MYND Á KJÓLINN



LÍF

Vatnið, undirstaða lífsins, er eilíft viðfangsefni náttúruljósmyndara. Litirnir sem myndavélin nemur geta tekið breytingum eftir dagsbirtunni. Þessi mynd var tekin af örsmáum læk sem rann yfir klett út í sjó í utanverðum Hvalfirði.

Allir lækir eiga sinn söng og það má segja að lækjartónar séu fínlegri og fegurri eftir því sem lækurinn er minni.



RÓ

Íslensk náttúra er falleg jafnt um miðjan vetur sem hásumar. Laufblöðin í Rauðhólum voru að leggjast undir feld þegar ljósmyndarinn átti leið þar um í vetrarbyrjun.

Það er svo makalaust merkilegt hvað náttúran er einlæg – og hvað við getum lært margt af henni ef við leggjum við hlustir.



MÓA

Rauðhólarnir eiga sér langa sögu, en þeir urðu til þegar Elliðavogshraun rann frá Bláfjöllum til sjávar í Elliðavogi fyrir tæpum fimm þúsund árum! Áskell fer gjarnan um Rauðhólana til að mynda gróðurinn sem þar er að finna.

Rauðhólarnir eru tilvalinn staður fyrir rómantískar sálir sem vilja binda órjúfanleg heit á fallegum stað.

VELDU MYND Á KJÓLINN



BJÖRT

Hellisheiðin getur sannarlega komið á óvart. Það vita þau sem hafa lagt leið sína um heiðina á hestum postulanna, en margar af skemmtilegustu gönguleiðum SV-hornsins er þar að finna.


Gróðurinn á heiðinni getur tekið á sig fallegar myndir og þá ekki síst þegar haustar. Listaverkin eru við hvert fótímal í íslenskri náttúru.



HULD

Fátt er eins gefandi og að sitja á steini í Rauðhólunum á útmánuðum þegar sólin býr sig undir að veita lífi á ný í gróðurinn. Hringrás náttúrunnar er alltaf jafn dásamleg.

Lokaðu augunum og andaðu rólega. Farðu út í náttúruna og hlustaðu. Hver veit hvað þú getur uppgötvað.



LÓA

Lambgrasið er ein fallegasta jurt Íslands. Það er lítið en öflugt og vex meðal annars á stöðum sem ekki eru beint þekktir fyrir veðursæld.

Lambgrösin á kjólum Lóu áttu sín heimkynni efst á Bolafjalli við Bolungarvík. Vissulega er útsýnið frá Bolafjalli óviðjafnanlegt en þeir sem þangað koma ættu líka að virða fyrir sér gróðurinn sem, þrátt fyrir allt, lifir þar góðu lífi.

VELDU MYND Á KJÓLINN




SANDUR

Ljósu hvalfirsku sandfjörurnar minna sannarlega á strendur í fjarlægum heimsálfum.

Fátt er eins dásamlegt og að ganga í slíkum sandi og finna ilminn í fjörunni sem umlykur allt. Undirleikurinn kemur frá öldunum.

Hér er hvalfirski sandurinn kominn á kjól sem ber auðvitað heitið Sandur.



GLIT

Myndin á þessum kjól er tekin í mýrlendi við fjöru í norðanverðum Hvalfirði. Þarna hefur mýrarvatn runnið yfir kletta um aldir, sléttað og fegrað. Fegurðin er ekki síst í hinu smáa. Rigningin sem fellur á Akrafjall og nágrenni stjórnar því hvort lækurinn kemur eða fer. Litli lækurinn hefur svo sannarlega sjarma sem er ekki síðri en stærri ættingja hans.



ÓSK

Jurtir í íslenskri náttúru eru alltaf jafn fallegar og engu skiptir á hvaða tíma árs þær eru skoðaðar. Þegar Áskell tók þessa mynd fannst honum eins og sumar jurtanna óskuðu jafnvel eftir athygli, vildu að þær yrðu örugglega myndaðar.

Þessi mynd var tekin í einum af mörgum leiðöngrum ljósmyndarans í Rauðhólum.

Nokkur dæmi um kjóla og efni



Snið: 3
Heiti myndar: Líf



Kjólarnir í bæklingnum eru sýningarkjólar og ekki til sölu. Við saumum eingöngu kjóla eftir máli. Þú sendir okkur málin þín og við saumum kjól sem passar.

Íslensk náttúra, íslensk hönnun og saumað á Skaganum



Snið: 3
Heiti myndar: Björt



Þú getur valið á milli 15 mynda á kjólinn! **Sjá bls. 5-9**

Veldu snið og mynd



Snið: 3
Heiti myndar: Sandur



Hver kjóll er einstakur - við
framleiðum ekki á lager

Íslensk náttúra í aðalhlutverki



Snið: 2
Heiti myndar: Heiða



Þú getur valið á milli 15 mynda á kjólinn! **Sjá bls. 5-9**



Snið: 3
Heiti myndar: Huld



Snið: 4
Heiti myndar: Glit





Snið: 2
Heiti myndar: Líf



Mynd: Móa



Mynd: Náma



Mynd: Lóa



Mynd: Ró



Mynd: Saga



Mynd: Dís



Mynd: Ósk



Mynd: Blík

Snið 1
Heiti myndar: Alda

**Hægt er að velja úr 15
myndum á kjólinn
Sjá bls. 5-9**





Móa í sniði 3 að fara á gínu



Glit í sniði 2



Alda í sniði 1



Á landsþingi Kvenfélagasambands Íslands haustið 2021 var efnt til sýningar á kjólum frá LAUFYJU

LAUFY

Netfang: laufeyinfo@gmail.com

Símar: 845 6805 (Laufey) og 896 3313 (Áskell)



LAUFEY

Til að kjóllinn passi þér sem best þarftu að mæla eftirfarandi og senda til okkar:

Yfirvídd
Mittismál
Mjaðmamál
Upphandleggsmál
Axlarvídd
Hæð í cm

Fáðu einhvern til að aðstoða þig við mælingarnar. Það tryggir réttari niðurstöðu. Gott er að geta stungið fingri auðveldlega á milli málbands og líkama. Vertu aðeins í þeim undirfatnaði sem þú munt nota þegar þú klæðist kjólnum.



Yfirvídd

Settu málbandið undir hendur og mældu mestu lengd yfir barminn.



Mittismál

Láttu þann sem aðstoðar þig mæla aðeins fyrir ofan nafla þar sem mittið er mjóst.



Mjaðmamál

Stattu með fæturna saman og láttu mæla þar sem þú ert breiðust yfir mjaðmir og rass.



Axlarvídd



Upphandleggsmál

Smelltu hér til að sjá [LAUFEY Á Facebook](#)

Smelltu hér til að sjá [LAUFEY Á Instagram](#)

LAUFHEY

Hver kjóll er sérstaklega saumaður

Hver kjóll er saumaður þegar pöntun / greiðsla berst. Þetta getur þýtt lengri afgreiðslufrest en við eigum til talsvert af efni. Við framleiðum ekki kjóla á lager því það er ekki í samræmi við umhverfisstefnu okkar. Afgreiðslufrestur er um tvær til þrjár vikur ef efnið er til - annars fjórar til fimm vikur.

Hvernig efni, snið og mynd?

Þú þarft að ákveða hvort þú vilt nota Light Satin eða Heavy Satin. Einnig þarftu að ákveða sniðið (fjögur í boði) og mynd (15 möguleikar).

Viltu panta?

Búin að ákveða **snið, efni og mynd? Tókstu af þér málin?**

Sendu póst með þessum upplýsingum á netfangið laufeyinfo@gmail.com.

Í póstinum þarf líka að vera **nafn kaupanda, sími, netfang og heimilisfang**.

Viltu fá heimsókn eða viltu koma til okkar?

Auðvitað vill fólk fá að vita hvernig efnið er viðkomu. Það er munur á Light Satin og Heavy Satin sem felst í þykkt og áferð. Við erum ekki með verslun en erum tilbúin til að koma í heimsókn. Eins getur þú komið til okkar. Hafðu samband! Sendu póst og við finnum út hvor leiðin er betri.

Millifærsla og verð

Greiðslu þarf að inna af hendi áður en Sjöfn byrjar á kjól. Við erum með bankareikning 0511-14-013698. Kennitala: 270490-3019. Settu netfangið laufeyinfo@gmail.com í greiðsluna í heimabankanum þínum svo við fáum tilkynningu um hana í tölvupósti. Við tökum ekki við greiðslukortum.

Verð á kjólunum: Snið 1 kr. 65.900, snið 2 kr. 63.900, snið 3 kr. 61.900 og snið 4 kr. 58.900.

Verð gilda um kjóla sem eru pantaðir og greiddir fyrir 31. júlí 2023. Innifalið í verði er ein minniháttar lagfæring eftir að búið er að sauma kjólinn en kaupendur geta hins vegar komið fram með ákveðnar óskir áður en saumaskapur hefst. Dæmi um minniháttar lagfæringu er stytting á ermum og sídd.

Við komum með kjólinn til þín ef þú býrð á höfuðborgarsvæðinu eða á Vesturlandi. Þú getur líka nálgast hann hjá okkur eða við sent hann til þín með Íslandspósti (þú þarft að borga sendingarkostnaðinn). Sendu póst eða hringdu og við komumst að niðurstöðu.

Með kærri kveðju,

Laufey og Áskell

Netfang: laufeyinfo@gmail.com

Símar: 845 6805 (Laufey) og 896 3313 (Áskell)

Smelltu hér til að sjá [LAUFHEY Á Facebook](#)

Smelltu hér til að sjá [LAUFHEY Á Instagram](#)

Efnin Light Satin Heavy Satin

Ekki er langt síðan plastflöskur – sem og annað plast – var urðað en nú hafa menn áttað sig á að plast er verðmæti. Satin efnið í kjólunum er unnið úr plastflöskum sem áður voru settar í landfyllingar.

Efnið kjólunum er svokallað rPET (recycled PET).

Eftir að plastið hefur verið brætt og kögglað er spunnið garn úr því. Prentlitirnir eru auk þess umhverfisvænir. Munurinn á Light og Heavy Satin felst í þyngd / þykkt efnanna.



Sjöfn klæðskeri er með vinnustofu á Ægisbraut 30 á Akranesi. Sjöfn er þauvön að taka málin - og vissulega getur það komið í veg fyrir vandamál ef klæðskeri annast verkið. Máltaka kostar kr. 2000 og greiðist á staðnum.

Þær sem vilja fá tíma í máltöku eru beðnar um að panta tímann hjá Laufeyju í síma eða tölvupósti.



1. Laufey Dóra og Áskell.
2. Sunna Dís Hjörleifsdóttir hönnuður gerði snið 2,3 og 4.
3. Sjöfn Magnúsdóttir klæðskeri á Akranesi hefur séð um saumaskapinn frá janúarbyrjun 2022.
4. Guðrún Kristín Stefánsdóttir er með BA í vörumerkjastjórnun og markaðsfræði. Hún hannaði logoið og er vörumerkjastjóri.
5. Eygló Gunnarsdóttir textillistakona og kennari á Akranesi saumaði kjólana út desember 2021, hannaði hálsklúta og bjó til slaufur úr afgangum.
6. Þórunn Edda Bjarnadóttir grafískur hönnuður á Hvanneyri gengur frá myndum fyrir prentun.
7. Christian Astner, grafískur hönnuður í Kaupmannahöfn, vann í upphafi við samsetningu mynda og frágang fyrir prentsmiðju.



Umhverfismál og sjálfbærni eru feðginunum Laufeyju og Áskeli mikið hjartans mál. LAUFey varð til eftir að Laufey Dóra hafði velt fyrir sér hvernig væri hægt að auka við framboð af fötum sem í senn væru falleg en líka framleidd á umhverfisvænan hátt. Hún fékk föður sinn, Áskel, blaðamann og ljósmyndara, í lið með sér og úr varð merkið LAUFey.

Markmiðið er að konur geti keypt einstaka og fallega kjóla en á sama tíma liðið vel með áhrifin sem

þeir hafa á umhverfið.

Sunna Dís Hjörleifsdóttir, sem nam sjálfbæra hönnun við Københavns Erhvervsakademi, gerði fyrstu sniðin en Sjöfn Magnúsdóttir, klæðskeri á Akranesi, saumar kjólana. Myndirnar eru prentaðar á efnið í prentsmiðju í Bretlandi. Laufey og Sjöfn hafa svo haldið áfram þróun nýrra sniða.

Uppbyggingarsjóður Vesturlands hefur stutt þetta verkefni dyggilega frá byrjun.